



Klassísk mál og klassísk fræði

Velkomin í Háskóla Íslands!

Menntun í grísku, latínu og fornfræði (eða klassískum fræðum) kemur til með að veita ykkur einstaka sýn á menningarsögu Vesturlanda auk tækifæra til frekari rannsókna í hugvísindum. Fornfræði er alhliða rannsókn á klassískri fornöld og arfi hennar en í þeirri rannsókn er fornmalakunnátta vitaskuld ómissandi. Fræðigreinin er í raun þverfagleg rannsókn á undirstöðum vestrænnar menningar og sem slík miðlæg fræðigrein innan hugvísinda með augljósa snertifletir við önnur fræði. Hvort sem um er að ræða bókmenntasögu og heimspeki, mannkynssögu eða listasögu er menntun í fornfræði undirstöðuþáttur til skilnings á vestrænum menningararfi.

Hvers vegna fornmal eða klassísk fræði?

Klassísk menning Grikkja og Rómverja er með margvíslegum hætti undirstaða vestrænnar nútímamenningar. Nefna mætti ýmis dæmi: svo sem gríska heimspeki – en vestræn heimspeki síðari alda er enn þá að verulegu leyti samræða við þá Platon og Aristóteles – og klassískar bókmenntir en inntak þeirra hefur verið óþrjótandi uppspretta innblásturs í tónlist, bókmenntum og listsköpun frá upphafi fornaldar til okkar dags. Fornmenn lögðu líka grunninn að ýmiss konar vísindagreinum, sem enn notast að verulegu leyti við grísk og latnesk hugtök, til dæmis málfræði, læknisfræði og stærðfræði. Í síðfornöld var Nýja testamentið samið á forngrísku og öll helstu hugtök kristinnar guðfræði urðu til.

Á sama tíma breiddist latína út um allt rómverska heimsveldið samfara auknum áhrifum Rómverja. Er talmálið skiptist í fjölmargar mállyskur varð latínan að formóður allra rómanskra mála. Latneskt ritmál hélst þó sem sameiginlegt tungumál menntaðra manna.

Miðaldamenning Vestur-Evrópu hvíldi að mestu leyti á þessum latínuarfi. En fornaldararfurinn gríski lifði góðu lífi í austrómverska keisaradæminu þar sem málfar og menning fornaldar hafði áhrif á ritmenninguna. Fram til um 1100 var austrómverska keisaradæmið öflugasta ríki Evrópu og menningin þar mun blómlegri en í nágrannaríkjum í vestri. Eigi að síður er latínukunnátta lykill að öllum rannsóknum á sögu og bókmenntum miðalda. Latína var notuð sem kirkjufræði- og stjórnsýslumál í Evrópu fram á 19. öld og var opinbert mál rómversk-kaþólsku kirkjunnar fram yfir miðja 20. öld. Lærðir Íslendingar rituðu ýmislegt á latínu á 17. og 18. öld og eru þau ritverk mikilvægur hluti af íslenskum menningararfi en allt fram á 19. öld var kunnátta í grísku talin grundvöllur að frekara námi lærdómsmanna. Meðal Íslendinga, sem voru góðir grískumenn má til dæmis nefna þjóðhetjuna Jón Sigurðsson, skáldið Grím Thomsen og Sveinbjörn Egilsson, sem þýddi Hómerskviður á íslensku og lagði um leið grundvöll að málfari og stafsetningu nútíma-íslensku.

Um námið

Það er mikilvægt að hafa ætíð hugfast hvert þið stefnið í námi ykkar. Menntun í grísku og latínu er í raun hluti af almennu fornfræðinámi. Fornfræði er í eðli sínu þverfagleg grein og þar liggur einmitt styrkur hennar. Undirstaða og kjarni fornfræðinnar er klassísk textafræði og þess vegna er kunnátta í fornálmálunum nauðsynleg.

Í fyrsta lagi má segja að greinin sé í eðli sínu sagnfræðileg í víðum skilningi: viðfangsefnið er liðin tíð og áhrif hennar á nútíðina, m.ö.o. saga og menningarlíf horfinnar siðmenningar auk arfleifðar hennar. Fornfræðinemar öðlast þess vegna heilmikinn sögulegan fróðleik en auk þess fá þeir þjálfun sem er að einhverju leyti sambærileg við þjálfun annarra sagnfræðinga. Verðandi fornfræðingur þarf að læra að bera skynbragð á eðli ólíkra heimilda, meta heimildagildi þeirra og temja sér gagnrýna nálgun í úrvinnslu þeirra. Um leið þarf fornfræðingurinn að verða fær um að greina þá heildarmynd sem rís á ólíkum vitnisburði úr ýmsum áttum. Þannig styrkir fornfræðinám heildræna hugsun nemendanna.

Í öðru lagi hljóta nemendur í fornfræði þjálfun í fornálmálunum, grísku og latínu, sem opna þeim leið að frumheimildum á frumálmálunum. Fornálmálanám byggir á rækilegri þjálfun í klassískri málfræði. Tungumálaþjálfunin veitir ekki einungis nauðsynlegan aðgang að mikilvægum heimildum heldur eflir hún einnig greinandi hugsun nemenda með sífelldri áherslu sinni á nákvæma og agaða málfræðigreiningu. Nemendur þurfa aukinheldur að temja sér gagnrýnið viðhorf til þeirra texta, sem þeir læra að lesa á frumálmálinu, enda eru þeir misvel varðveittir og geymdin á sér langa sögu sem nauðsynlegt er að vera meðvitaður um.

Þótt fornfræðin sé í eðli sínu sagnfræðileg grein í víðum skilningi eru þó frumheimildirnar oft í eðli sínu bókmenntatextar, samdir af listrænum metnaði og með það í huga að lesendur (eða áheyrendur) hafi ákveðnar væntingar til ákveðinna bókmenntagreina. Þetta gildir jafnt um sagnaritun, heimspekitemta og aðrar bókmenntagreinar. Því þurfa fornfræðinemar, um leið og þeir læra að leggja mat á heimildagildi fornra texta, að verða skynbærir túlkendur bókmenntaverka (og annarra texta) og meðvitaðir um spurningar og nálganir bókmenntafræðinnar.

Fornfræði- og fornálmálanám veitir þess vegna í raun einstaka blöndu þjálfunar ólíkrar fræðilegrar hæfni: í tungumálum og málfræðigreiningu, sagnfræði og bókmenntafræði. Vegna fjölbreytileika síns eflir fornfræðin bæði greinandi og heildræna hugsun nemandans og málakunnáttu hans um leið og hún ýtir undir gagnrýnið sögulegt sjónarhorn og næman lesskilning texta af ýmsu tagi. Þetta er hugvísindamenntun *par excellence*. Fornálmálanám við Háskóla Íslands miðar þess vegna að því að sinna því hlutverki sem háskólanám á umfram allt að gegna: að þroska nemendur vitsmunalega og efla með þeim gagnrýnið hugarfar, nákvæmni og góð vinnubrögð.

Námstilhögun

Námskeiðunum sem boðið er upp á má skipta í þrennt:

- **Grunnnámskeið eða byrjendanámskeið**, þar sem farið er yfir beygingafræði, setningafræði og málsögu og textar eru vandlega lesnir og þýddir. Markmiðið með þessum námskeiðum er að gera nemendur færa til þess að lesa frumheimildir á frummálinu.
- **Yfirlitsnámskeið** veita yfirlit yfir sögu og menningu fornaldar en ekki er gert ráð fyrir kunnáttu í latínu eða grísku í þeim námskeiðum. Þessi námskeið fjalla stundum um þrengri viðfangsefni en almenn yfirlitsnámskeið og efni þeirra er breytilegt á hverju misseri. Yfirlitsnámskeiðin standa oft nemendum í öðrum greinum til boða og er því ekki gert ráð fyrir þekkingu á frummálinu en þó skal þeim sem stunda nám í forn-málum gert kleift að lesa valda texta á frummálinu.
- **Námskeið í textalestri** þjálfa nemendur enn frekar í lestri texta á frummálinu um leið og þau kynna nemendum mikilvægar textaheimildir. Viðfangsefni þessara námskeiða getur verið breytilegt frá ári til árs.

Enn fremur standa nemendum til boða:

- **Sérverkefni** undir leiðsögn kennara eða í tengslum við námskeið. Á hverju misseri er hægt – í samráði við kennara – að skrá nemendur í bæði 5 og 10 eininga sérverkefni í bæði grísku og latínu. Í sérverkefni vinnur nemandinn verkefni upp á eigin spýtur en undir leiðsögn kennara. Engar reglulegar kennslustundir eru í þessum verkefnum. Kennari og nemandi skilgreina verkefnið í upphafi misseris en viðfangsefni verkefna eru, eins og gefur að skilja, margbreytileg. Oftast er þó um að ræða þýðingarverkefni, stílagærð eða ritgerð. Í grísku og latínu er gert ráð fyrir að nemendur, sem eru færir um að fást við texta á frummálinu, ættu alla jafnan að vinna annaðhvort þýðingarverkefni eða stíl til að efla málakunnáttu sína. Þó er sjálfsagt og vandræðalaust að koma til móts við þarfir nemenda vilji þeir heldur vinna ritgerðarverkefni.

Náminu lýkur með

- **lokaverkefni til BA-prófs** sem vegur 10 einingar. Yfirleitt er um að ræða þýðingu á ákveðnu verki með fræðilegum inngangi en einnig kemur til greina hefðbundin námsritgerð, sem sýnir getu nemandans til að vinna rannsókn í klassískum fræðum, t.a.m. í grískri eða latneskri bókmenntasögu, fornaldarsögu eða um heimspeki eða trúarbragðafræði fornaldar.

Félagslíf

Carpe Diem, Linguae og Veritas

Nemendafélag grísku- og latínunema heitir *Carpe Diem* og hefur verið starfrækt frá árinu 1976. Það hefur meðal annars staðið fyrir árlegri árshátíð nemenda og kennara og hefur spjallhóp á Facebook þar sem eru bæði núverandi og fyrrverandi nemendur auk kennara. *Carpe Diem* skipar námsnefndarfulltrúa sem er boðið til samráðs um í árlegri vinnu um námsframboð.



Nemendafélag Mála- og menningardeildar heitir *Linguae*. Það heldur úti vefiðunni nemendafelog.hi.is/linguae/ en hefur einnig síðu og spjallhóp á Facebook.

Formenn allra nemendafélaga á Hugvísindasviði auk allra deildarfulltrúa skipa stjórn *Veritas*, sem er hagsmunafélag nemenda á Hugvísindasviði. Enn fremur er formaður *Veritas* fulltrúi nemenda í stjórn Hugvísindasviðs og hefur atkvæðarétt á sviðsstjórnarfundum en varaformaður *Veritas* er áheyrnarfulltrúi á sviðsstjórnarfundum. *Veritas* skipar einnig fulltrúa í kennslunefnd Hugvísindasviðs. Þannig er *Veritas* afar mikilvægur vettvangur fyrir hagsmunagæslu og réttindabaráttu nemenda og myndar mikilvæg tengsl nemenda við stjórn skólans.

Facebook-síða *Veritas* er á slóðinni <https://www.facebook.com/hugnem>

Önnur nemendafélög

Ýmis önnur nemendafélög eru starfrækt án tengsla við einstakar námsgreinar, svo sem:

- Evreka, félag Evrópusinna við Háskóla Íslands (<https://nemendafelog.hi.is/evreka/>)
- Femínistafélag Háskóla Íslands (<http://www.femstudent.blogspot.com/>)
- Háskóladansinn (<http://haskoladansinn.is/>)
- Herjan, félag stúdenta við HÍ gegn aðild að ESB (<https://nemendafelog.hi.is/herjan/>)
- IceMUN, Iceland Model United Nations (<http://www.mun.is/>)
- Kristilegt stúdentafélag (<http://www.ksf.is/>)
- Manía, félag fólks með geðraskanir ([http://student.is/manía](http://student.is/mania))
- Q, félag hinsegin stúdenta (<https://www.facebook.com/Qfelag>)

Námsráðgjöf og sértæk úrræði

Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands býður nemendum skólans að sækja ýmis námskeið, og vinnustofur um vinnubrögð í námi, frestun, vinnu við lokaverkefni og margt fleira.

Einkum eru nemendur, sem hafa þörf á sértækum úrræðum í námi og prófum, t.d. vegna fötlunar, langvarandi veikinda eða sértækra námsörðugleika eins og lesblindu, hvattir til að hafa samband við Námsráðgjöf. Algeng úrræði eru lenging próftíma en vottorð þess efnis þarf að liggja fyrir áður en próf eru skipulögð og eigi síðar en 1. nóvember á hausti en 1. apríl á vori.

Hvert skal leita?

Það getur verið erfitt að ná áttum í nýju skóla en þá er áriðandi að vita hvert maður getur leitað. Hafi nemendur spurningar um námsfyrirkomulagið eða annað sem kennurum einstakra námskeiða er ekki unnt að svara er velkomið að að mæta í viðtalstíma hjá greinarformanni eða leita til verkefnisstjóra á vegum Hugvísindasviðs.

Greinarformaður í grísku og latínu er Geir Þ. Þórarinnsson, gtt@hi.is. Hann hefur aðsetur á 2ri hæð í Veröld – húsi Vigdísar (VHV-211).

Greinarformaður í klassískum fræðum er Svavar Hrafn Svavarsson, svahra@hi.is. Hann hefur aðsetur á 3ju hæð í Gimli (G-313).

Aðrir starfsmenn sem nemendur geta leitað til:

- Ásdís Guðmundsdóttir, kennslustjóri Hugvísindasviðs (asdisg@hi.is).
- Bernharð Antoniussen, deildarstjóri Mála- og menningardeildar (bernhard@hi.is).
- Guðrún Birgisdóttir, verkefnastjóri alþjóðamála Hugvísindasviðs (gb@hi.is).
- Jón Bragi Pálsson, deildarstjóri Sagnfræði- og heimspekideildar (jbp@hi.is)
- Katrín María Víðisdóttir, deildarstjóri Íslensku- og menningardeildar (kmv@hi.is)

Athygli skal vakin á síðunni www.hi.is/adalvefur/nynemar þar sem er að finna ýmsar gagnlegar upplýsingar um Háskóla Íslands fyrir nýnema.